

Nd.

254. Frumvarp

til laga um fasteignaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sjerstaklega undanþegnar, skal greiða árlega skatt í rikissjóð af virðingarverði eftir fasteignamatslögum eins og hjer segir:

1. af jarðeignum, þurrabúðum, grasbýlum, lóðum og lendum bygðum og óbygðum, jarðarítökum og hlunnindum, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námum, varplöndum, rekarjettindum, veiðirjetti í ám og vötnum og öðrum vatnsrjettindum, $2\frac{1}{2}$ af þúsundi hverju.
2. af húsum öllum, til hvers sem þau eru notuð, $1\frac{1}{2}$ af þúsundi hverju.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sje að ræða, og greiðist þá skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru fasteignir rikissjóðs, aðrar en jarðir í leiguábúð. Enn fremur kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús og hús annara

rikja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milli-rikjaerindum. Hið sama gildir um lóðir, er fylgja slíkum húsum.

Hús eða lóð, sem eigi er 100 kr. virði, eru undanþegin skatti, enda telst skatturinn aðeins af heilum hundruðum, en því, sem umfram er, skal slept. Hið sama er um ítök og hlunnindi.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker stjórnarráðið úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

4. gr.

Ef fasteign, sem metin hefir verið í einu lagi, er skift og eigendur æskja þess, að hver hluti sje talinn sjerstaklega til skattgjalds, skulu þeir bera það mál undir lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins ásamt tillögum sínum.

5. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í því lögsagnarumdæmi, sem eignin er. Ef skattgreiðandi er þar eigi heimilisfastur, skal hann hafa þar umboðsmann, er geri skil fyrir skattinum. Ef engi umboðsmaður er tilnefndur, telst sá umboðsmaður, sem eignina hefir til nytja, og ef fleiri eru, þá sá þeirra, er lögreglustjóri velur.

6. gr.

Fasteignaskattur skal í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum í eignum þeim, er hann hvílir á.

7. gr.

Ef hús er rífið eða brennur eða fellur eða ónýttist á annan hátt á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar, greiðist fult gjald.

8. gr.

Skatt þennan skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert, í fyrsta sinni 1922.

9. gr.

Heimilt er með ákvæði í fjárlögum að hækka eða lækka fasteignaskattinn fyrir 1 ár í senn. Þó sje það samþykkt í sameinuðu þingi með $\frac{2}{3}$ atkvæða.

10. gr.

Af fasteignaskatti þeim, er greiða ber á árinu 1922 í hverju lögsagnarumdæmi um sig, skal þriðjungurinn renna í sýslu- eða bæjarsjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922, og eru þá jafnframt úr lögum num- in lög 14. des. 1877, um skatt á ábúð og afnotum jarða og lausafje, lög s. d., um húsaskatt, og 1. gr. laga nr. 56, 26. okt. 1917, um breyting á lögum um fasteignamat 3. nóv. 1915.